

# Stjórnarfundur LH 11. nóvember 2006

## 1. fundur nýrrar stjórnar

Stjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mætt voru: Haraldur Þórarinnsson, Vilhjálmur Skúlason, Einar Ragnarsson, Marianna Gunnarsdóttir, Oddur Hafsteinsson, Sigrún Valdimarsdóttir, Kjartan Hreinsson og Eyþór J. Gíslason. Einnig mættu Sigrún og Sólveig af skrifstofu LH.

### 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt með leiðréttingum.

### 2. Stjórn skiptir með sér verkum

Ákveðið að Einar Ragnarsson haldi áfram sem ritari og að Marianna tæki að sér að vera gjaldkeri.

### 3. Skipulagsmál

Vilhjálmur fór yfir málið og leggur til að skipuð verði framkvæmdastjórn sem saman standi af formanni, varaformanni og gjaldkera. Framkvæmdastjórnin ræður framkvæmdastjóra í samráði við stjórn og sá aðili ynni með framkvæmdastjórn. Framkvæmdastjórn færir með yfirumsjón fjármála á milli stjórnarfundar. Framkvæmdastjórn skipar sérstaka fjáraflañefnd til þess að samræma betur öflun styrkta og samvinnuverkefna og hafi þannig betri yfirsýn. Gjaldkeri þarf að samþykkja greiðslu reikninga en getur falið skrifstofustjóra að greiða reikninga. Vilhjálmur fór yfir starfssvið sviðsstjóra og tengslahlutverk þeirra við stjórn. Sviðstjórar geri tillögu að starfssviði nefnda, ábyrgð þeirra og skyldur.

Hugmyndin er að stjórn hittist áfram einu sinni í mánuði en framkvæmdastjórn eftir þörfum. Stjórn og varastjórn hittist ekki sjaldnar en þrisvar sinnum á ári á stórum vinnufundum og fari út fyrir höfuðborgina. Stjórnarmenn hvattir til að hugsa um heppilega fundartíma. Töluverð umræða varð um hugmyndir og megin niðurstaðan að keyra eftir skipuritinu og vega og meta árangur eftir sex mánuði, þ.e. á verkfundi stjórnar og varastjórnar.

Nefndarskipan – stjórnarmenn beðnir að hugsa um fulltrúa í nefndir, einkum formenn nefnda fram að næsta fundi.

### 4. Reiðvegamála

Halldór Halldórsson mætti á fundinn og fór yfir framlagt lagafrumvarp til nýrra vegalaga og umhverfislaga og umsagnir sem LH sendi vegna þeirra. Eins og frumvarpið hljóðar í dag er það heldur afturför fyrir hestamenn. Óska þarf eftir fundi með samgönguráðherra og samgöngunefnd og jafnvel víðar til að framfylgja umögnum LH. Sigrún Ögm. falið að óska eftir þessum fundum. Nauðsynlegt er að fá réttarstöðu hestamanna á reiðvegum tryggða.

### 5. Tilnefning LH til ÍSÍ til hestaþróttakonu og hestaþróttamann ársins 2006

Einari og Sigurði Ævars. falið að vinna tillögu til stjórnar í samvinnu við Sólveigu.

### 6. Önnur mál.

a. **Kveðja** frá Ólafi Rafnssyni, forseta ÍSÍ

b. **Tölvumál.** Oddur kynnti bréf frá FEIF varðandi framtíðarmál WorldFengs. Hugmyndin að baki bréfsins frá FEIF er hvort hugsamlega megi breyta tekjumódeli WF. Oddi falið að vinna málið áfram með Jóni Baldri og Sigrúnu á skrifstofu. Jón Baldur bar fram fyrirspurn um hvort LH hafi áhuga á að koma að Hestatorgi.

- c. **Aðalfundur Félags hrossabænda.** Einar skýrði frá heimsókn sinni á aðalfund Fhrb. og því helsta sem þar fór fram.
- d. Sigurður Ævarsson fór yfir skrif Kristins Guðnasonar og Bergs Jónssonar um Jón Albert og upplýsti að búið sé að þýða bréfið yfir á sænsku og ensku og birta á heimasíðu FT og SIF (sænsku samtökin).
- e. **Bréf frá Fhrb** um samráðsnefnd og ósk um að LH tilnefni fulltrúa. Sigrún sendi bréf um að fulltrúar LH verði Vilhjálmur og Oddur.
- f. **Menntamál.** Haraldur fór yfir forsögu knapamerkjakerfisins allt frá 1998. Síðasta tillagan er sú að kerfið verði vistað hjá landbúnaðarráðuneytinu og gerður samningur við Hóla um umsjón.
- g. **Bréf frá Hvanneyri.** Vísað til mannvirkjanefndar LH.
- h. Kjartani falið að fylgja eftir ályktun um áverkaskoðun frá síðasta landsþingi og framkvæmd skoðunarinnar á stórmótum.
- i. Samþykkt samhljóða að sæma Jón Albert gullmerki LH á uppskeruhátíð hestamanna.

*Fleira ekki fært til bókar  
Fundarritari: Einar Ragnarsson*